



# **Umf. Sindri**

# **Fimleikadeild**

**Aðalfundur 20. febrúar 2020**

**Ársskýrsla fyrir árið 2019**

## Skýrsla stjórnar Fimleikadeildar Sindra 2019

Starfsemi Fimleikadeildar Sindra átti gott starfsár 2019 og stunduðu um 155 iðkendur æfingar hjá deildinni. Fimleikadeildin hélt sína árlegu fimleikasýningu í janúar og þemað þetta árið var Ofurhetjusýning. Sýningin heppnaðist afar vel og að venju var góð mæting sem er mikil hvatnig fyrir iðkendur og þjálfara.

Fyrsta mót ársins var bikarmót unglunga í hópfimleikum. Mótinu var skipt niður á tvær helgar, annarsvegar fyrir yngri iðkendur og hinsvegar fyrir þá eldri. Bæði mótin voru haldin á Selfossi. Stúlkur úr 3. bekk kepptu á sínu fyrsta móti með 5. flokki og stóðu sig með þrýði. 4. flokkur mix keppti einnig á mótinu og stóð uppi sem bikarmeistarar. Aðrir flokkar frá okkur stóðu sig einnig vel en 1. flokkur b endaði í 3. sæti. Síðasta mót vetrarins, Íslandsmót hjá yngri flokkum var haldið í Digranesi. Allir áttu gott mót og stóðu sig vel en 4. flokkur mix lenti í 1. sæti og bættu sig á öllum áhöldum milli móta. Mótið hjá eldri flokkum var haldið í Mosfellsbæ þar sem allir stóðu sig vel og komu heim reynslunni ríkari en helst ber að nefna að 1.flokkur b endaði í 2. sæti en voru í 1. sæti bæði á dýnu og trampí. Ekkert lið frá Sindra hefur fengið eins mörg samanlögð stig á fimleikamóti og 1. flokkurinn okkar eða 39,395 stig. Við enduðum veturinn svo á lokahófi þar sem iðkendur sýndu listir sínar. Lokahófið var fyrir iðkendur á aldrinum 6 - 16 ára og voru viðurkenningar veittar í lokin. Við krýndum fimleikamann Sindra en Friðrik Björn Friðriksson hlaut þann titil.

Deildin hélt uppteknum hætti og stóð fyrir sýningu á 17.júní á hóteltúninu og tókst vel til. Boðið var svo upp á fimleika á landsmóti UMFÍ um verslunarmannahelgina sem haldið var hér heima. Við buðum upp á Fimleikalíf fyrir alla og stökkfimi fyrir þá sem hafa æft fimleika. Það voru þrjú lið sem kepptu í Fimleikalífi og sjö lið sem kepptu í stökkfimi. Haustönnin hófst svo í byrjun september og að venju voru foreldrar boðaðir til fundar. Vel var mætt og var m.a. farið yfir starf annarinnar, mótadagskrá, þjálfarateymi var kynnt og farið var yfir fleiri praktísk atriði sem viðkemur starfinu. Deildin réð til sín tékkneskan þjálfara sem heitir Michal Říšský og hefur hann reynst okkur vel ásamt öðrum þjálfurum deildarinnar. Hjá deildinni starfa 7 þjálfarar, ásamt 8 yngri aðstoðarþjálfurum. Fimleikadeildin leggur ríka áherslu á menntun þjálfara og hefur það að markmiði að byggja upp öflugt þjálfarteymi sem styrkist mikið með hverju námskeiðinu. Hafa þjálfarar félagsins m.a. sótt námskeið á vegum FSÍ og ÍSÍ. Farið var í æfingarferð til Keflavíkur í október. Ferðin heppnaðist afar vel og er nauðsynlegur liður hjá deildinni þar sem iðkendur hafa tök á að gera æfingar í gryfju og á áhöldum sem ekki eru til staðar hjá Fimleikadeild Sindra. Fyrsta mót vetrarins var síðan haldið í Garðabæ fyrir yngri iðkendur og stóðu iðkendur sig með þrýði og endaði 4.flokkur mix í 1.sæti. Síðara mótið var haldið á Selfossi og fór eitt lið frá okkur, 2.flokkur mix sem endaði í 1.sæti. Tekin var ákvörðun seint á síðustu önn að fara aftur í æfingarbúðir til Ollerup núna í sumar og eru 17 iðkendur og 3 þjálfarar skráðir.

Áhaldastaða deildarinnar hefur lagast mikið og á síðasta ári keypti deildin ný áhöld fyrir leikskólahóp. Þess má einnig geta að deildin stefnir að því að kaupa færarlega gryfju sem vonandi verður að veruleika í ár og mun bæta aðstöðuna mikið. Við ætlum að sjálfsögðu að halda áfram að byggja upp okkar frábæru fimleikadeild og vonandi taka sem flestir þátt í því með okkur, því þannig getum við gert gott starf enn betra. Að lokum vill stjórn Fimleikadeildarinnar þakka öllum þeim sem komið hafa að starfinu í vetur með einum eða öðrum hætti.

***Stjórn Fimleikadeildar Sindra:***

Ingibjörg Guðmundsdóttir - Formaður

Signý Ingvadóttir - Gjaldkeri

Guðbjörg Guðlaugsdóttir - Ritari

## Rekstrarreikningur ársins 2019

	Skýr.	2019	2018
<b>Rekstrartekjur</b>			
<b>Tekjur og styrkir</b>			
Ferðasjóður ÍSí.....		617.104 kr.	759.844 kr.
Lottótekjur.....		639.031 kr.	662.087 kr.
Fræðslu og tómstundanevnd.....		300.000 kr.	0 kr.
Sjoppa landsmót 2019.....		166.666 kr.	0 kr.
Sveitarfélagið, styrkur til áhaldakaupa.....		0 kr.	4.500.000 kr.
Styrkur USÚ.....		0 kr.	300.000 kr.
Rannís styrkur.....		400.000 kr.	500.000 kr.
Fræðslusjóður UMFÍ.....		100.000 kr.	190.000 kr.
Landsbankastyrkur.....		80.000 kr.	80.000 kr.
Olífstyrkur.....		75.000 kr.	75.000 kr.
Hótelstyrkur.....		70.000 kr.	70.000 kr.
Framlög iðkenda v. mótakostnaðar.....		506.500 kr.	483.944 kr.
Framlög iðkenda v. fimleikafatnaðar.....		140.955 kr.	347.907 kr.
<b>Samtals</b>		<b>3.095.256 kr.</b>	<b>7.968.782 kr.</b>
<b>Æfingagjöld</b>			
Æfingagjöld .....		6.607.207 kr.	6.902.480 kr.
<b>Samtals</b>		<b>6.607.207 kr.</b>	<b>6.902.480 kr.</b>
<b>Tekjur af sýningum/mótum</b>			
Vorsýning.....		0 kr.	0 kr.
Haustsýning.....		41.359 kr.	0 kr.
<b>Samtals</b>		<b>41.359 kr.</b>	<b>0 kr.</b>
<b>Aðrar tekjur</b>			
Leiga á fimleikabúnaði.....		0 kr.	130.583 kr.
Dómarakostnaður.....		0 kr.	72.000 kr.
Framlög fyrra árs.....		0 kr.	111.419 kr.
Annað.....		129.130 kr.	158.985 kr.
<b>Samtals</b>		<b>129.130 kr.</b>	<b>472.987 kr.</b>
<b>Samtals Rekstrartekjur</b>		<b>9.872.952 kr.</b>	<b>15.344.249 kr.</b>

## Rekstrarreikningur ársins 2019 frh.

	Skýr.	2019	2018
<b>Rekstrargjöld</b>			
Laun og verktakagr.....		7.271.611 kr.	5.079.994 kr.
Launatengd gjöld.....		781.735 kr.	294.326 kr.
Áhöld og tæki.....		30.784 kr.	5.350.000 kr.
Þjónustu- & leyfisgjöld FSÍ.....		224.600 kr.	355.400 kr.
Ferðakostnaður v. móta innanlands.....		265.828 kr.	285.567 kr.
Þátttökugjöld á mótum.....		270.400 kr.	450.960 kr.
Útistandandi kröfur frá fyrra ári.....		0 kr.	436.130 kr.
Fatnaður iðkenda.....		147.682 kr.	406.338 kr.
Námskeið þjálfara.....		278.350 kr.	260.000 kr.
Gisting og fæði á mótum.....		336.216 kr.	243.039 kr.
Kostnaður v. Sýninga/móta.....		2.040 kr.	20.080 kr.
Þjálfarakostn. v. Æfingabúðir erlendis.....		163.800 kr.	65.407 kr.
Veitingar.....		13.654 kr.	63.343 kr.
Flutningur á áhöldum.....		1.844 kr.	54.588 kr.
Dómarakostnaður.....		180.029 kr.	46.046 kr.
Önnur gjöld.....	1.	449.346 kr.	131.570 kr.
<b>Samtals</b>		<b>10.417.919 kr.</b>	<b>13.542.788 kr.</b>
<b>Samtals rekstrargjöld</b>		<b>10.417.919 kr.</b>	<b>13.542.788 kr.</b>
<b>Rekstarhagnaður (-tap)</b>		<b>-544.967 kr.</b>	<b>1.801.461 kr.</b>
<b>Fjármagnsliðir</b>			
Vaxtatekjur.....		8.285 kr.	5.825 kr.
Vaxtagjöld.....		3.416 kr.	1.282 kr.
Fjármagnsskattur.....		1.822 kr.	0 kr.
<b>Samtals</b>		<b>3.047 kr.</b>	<b>4.543 kr.</b>
<b>Hagnaður (-tap) ársins</b>		<b>-541.920 kr.</b>	<b>1.806.004 kr.</b>

## Efnahagsreikningur ársins 2019

### Eignir

#### Varanlegir rekstrarfjármunir

Áhöld og tæki.....	1.899.327 kr.	1.899.327 kr.
Fjárfesting í áhöldum 2018.....	5.350.000 kr.	5.350.000 kr.
Skáhallandi dýna (keypt 2017).....	500.090 kr.	500.090 kr.
Áhöld ofl. (keypt 2016).....	605.195 kr.	605.195 kr.
Dansrenningar ofl. ....	2.814.805 kr.	2.814.805 kr.
<b>Samtals</b>	<b>11.169.417 kr.</b>	<b>11.169.417 kr.</b>

#### Veltufjármunir

Kröfur .....	0 kr.	0 kr.
Eldri kröfur.....	2. 0 kr.	1.297.160 kr.
Ógreidd æfingagjöld 31.12.....	105.435 kr.	176.444 kr.
Innistæður á bankareikningum.....	5.074.463 kr.	5.489.136 kr.
<b>Samtals</b>	<b>5.179.898 kr.</b>	<b>6.962.740 kr.</b>

### Eignir samtals

**16.349.315 kr. 18.132.157 kr.**

### Eigið fé og skuldir

#### Skammtímaskuldir

Launatengd gjöld v. Desember.....	56.238 kr.	0 kr.
Uppgjör við fimleikasambandið.....	2. 0 kr.	1.297.160 kr.
Aðrar skuldir.....	0 kr.	0 kr.
<b>Samtals</b>	<b>56.238 kr.</b>	<b>1.297.160 kr.</b>

#### Eigið fé

Eigið fé í upphafi árs.....	16.834.997 kr.	4.284.533 kr.
Rekstrarhalli/afgangur.....	-541.920 kr.	1.806.004 kr.
Endurmat á áhöldum.....	0 kr.	10.744.460 kr.
<b>Eigið fé í lok árs</b>	<b>16.293.077 kr.</b>	<b>16.834.997 kr.</b>

### Eigið fé og skuldir samtals

**16.349.315 kr. 18.132.157 kr.**

## Skýringar ársins 2019

1. Önnur gjöld	2019	2018
Jólagjafir þjálfara.....	38.888 kr.	40.000 kr.
Ferðakostnaður v. Námsk. Þjálfara.....	150.517 kr.	37.957 kr.
Lokahóf.....	13.433 kr.	27.304 kr.
Sjúkravörur.....	918 kr.	11.697 kr.
Magnesium.....	0 kr.	5.890 kr.
Þjálfarafatnaður.....	38.070 kr.	5.187 kr.
Þjónustugjöld.....	0 kr.	3.206 kr.
Auglýsingar.....	22.320 kr.	0 kr.
Skrifstofuáhöld.....	0 kr.	329 kr.
Annað.....	185.200 kr.	0 kr.
<b>Samtals:</b>	<b>449.346 kr.</b>	<b>131.570 kr.</b>

*Magnesium fært undir önnur gjöld*

### 2. Uppgjör skulda við Fimleikasambandið vegna 2015-2018.

Eignalisti (Verðmat)	Kostn.verð	Kaupár
Stökkdýna.....	2.500.000 kr.	2018
3x Litlar loftdýnur (800 þús. hver).....	2.400.000 kr.	2018
Lendingardýna .....	850.000 kr.	2018
Mjúk skáhallandi dýna .....	500.000 kr.	2017
Trampolín : 450 þús.....	450.000 kr.	2016
Stökkhestur : 450 þús.....	450.000 kr.	2016
9x Dansrenningar (280 þús. hver).....	2.520.000 kr.	2016
Loftdýna.....	1.500.000 kr.	2015
Hlauparenningur :.....	300.000 kr.	2015
3x Hlaupakubbar (500 þús. hver).....	1.500.000 kr.	2015
2x Stökkbretti (100 þús. hver).....	200.000 kr.	2015
Stórt trampolín.....	1.500.000 kr.	2014
Stór hlussa.....	1.000.000 kr.	2014
Lítil hlussa.....	500.000 kr.	2014
<b>Samtals:</b>	<b>16.170.000 kr.</b>	

#### Eignalisti

4x mini trampolín	2x stökkdýna
1x stórt trampolín	1x loftdýna
1x stór mjúk dýna (hlussa)	3x litlar loftdýnur
1x miðlungs mjúk dýna (hlussa)	8x hlaupakubbar
1x lítil mjúk dýna (hlussa)	3x dýnur
2x lendingardýna	9x 2*14 dansrenningar
2x stökkbretti	8x 2*12 dansrenningar
2x stökkhestur	1x skáhallandi mjúk dýna (hlussa)
1x hlauparenningur	